

Meistaraverkefni haustið 2007 – Háskóli Íslands

Hröð ákvarðanataka í íslenskum útrásarfyrirtækjum

Höfundur: Helga Harðardóttir

Leiðbeinandi: Snjólfur Ólafsson prófessor

Markmið ritgerðarinnar er að meta ákvarðanatökuferli í íslenskum útrásarfyrirtækjum. Tilgangurinn er að kanna hvað einkennir ákvarðanatökur, meta hraða ferilsins og hanna aðferð sem metur slíkt.

Rannsóknin var gerð á meðal stjórnenda í tveimur íslenskum fyrirtækjum og byggði bæði á eigindlegri og megindlegri rannsóknaraðferð. Tekin voru opin viðtöl við fimm einstaklinga, send var spurningakönnun á stjórnendur fyrirtækjanna og fyrirliggjandi gögn voru greind. Viðmælendurnir voru spurðir um ákvarðanatökuferli í sínu starfsumhverfi, en þeirra svör voru síðan notuð til þess að móta betri skilning á viðfangsefninu. Í framhaldi af því var mælitækið hannað og tilgátur prófaðar til að hægt væri að setja niðurstöðurnar í samhengi við þessi tvö fyrirtæki.

Í ritgerðinni er fjallað nokkuð ítarlega um valda þætti sem taldir eru hafa áhrif á ákvarðanatökuferli í fyrirtækjum en auk þess er íslenskt viðskiptalíf skoðað í samhengi við rannsóknarefnið.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að hraði ákvarðanatökuferlis skiptir útrásarfyrirtæki máli og í sumum tilfellum getur hraðinn leitt til samkeppnisforskots. Þættir eins lagskipting skipulagsheildarinnar, eigendaform sem og menningarmunur hafa áhrif á ferlið og er sumt vel gert en í öðrum atriðum má gera betur. Spurningalisti Denison og félaga (2003) reyndist gagnlegur til að meta hraða ákvarðana, frumkvöðlahneigð og veiðimannamenningu í fyrirtækjunum, en veiðimannamenning reyndist meira áberandi hjá stjórnendum sem voru í útrás. Þar sem rannsóknarefnið hefur lítið verið skoðað hér á Íslandi væri áhugavert í framhaldi af þessari rannsókn að skoða hvort um bein tengsl sé að ræða milli ákvarðanatökustíls stjórnenda og velgengni íslenskra fyrirtækja á erlendri grund.